

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sjálfbærni í Úlfarsárdal (US210275)

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 13.10.2021 var lögð fram eftirfarandi tillaga Áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem vísað var til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

„Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að skipulagsyfirvöld beiti sér fyrir því með ákveðnari hætti að gera Úlfarsárdal sjálfbært hverfi eins og til stóð að það yrði og lofað var. Óbyggðar lóðir í Úlfarsárdal nú í september 2021 eru um 40 en hverfið er 15 ára. Í hverfinu eru engar verslanir og hverfið engan vegin sjálfbært. Íbúar verða að aka í Grafarholt eftir allri þjónustu og vistum, nema þá vanti byggingarefni sem hægt er að sækja í Bauhaus. Lofað var að hverfið yrði sjálfbært. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að skipulagsyfirvöld beiti sér í þessum efnum. Í hverfinu er ekki einu sinni að finna bakari, ísbúð, kaffihús eða hvað þá veitingastað.“

Umsögn:

Ein af grunnforsendum alls skipulags í nýjum og eldri hverfum borgarinnar er gott aðgengi íbúa að grunnþjónustu s.s. skóla, leikskóla, verslun og þjónustu inn í hverfum borgarinnar í göngufjarlægð. Eitt megin markmið yfirstandandi hverfisskipulagsvinnu hefur ofangreindar forsendur jafnframt að leiðarljósi.

Mikil uppbygging er nú í gangi við Leirtjörn í Úlfarsárdal þar sem m.a. er gert ráð fyrir hverfissverslun í um 800 fm húsnæði að Rökkvatjörn 1. Einnig er gert ráð fyrir að sundlaug, menningar- og íþróttamiðstöð opni í og við Dalskóla fljótlega. Úlfarsárdalur hefur verið lengi í uppbyggingu of fyrir því liggja margar ástæður. Með tilkomu nýrrar hverfissverslunar við Leirtjörn og opnum sundlaugar og menningarmiðstöðvar við Dalskóla verður Úlfarsárdalur mun „sjálfbærari“ en verið hefur.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi